

# Enginn skal svelta

## Eftir Gunnar Baldvinsson

Pegar einstaklingar hætta að vinna lifa þeir af eftirlaunum sem samanstanda af fjórum tekjuliðum.

1. Ellilífeyrir almanna-trygginga sem tryggir að allir lífeyrisþegar fái lágmarksellilífeyri.
2. Eftirlaun úr lífeyrissjóði til æviloka.
3. Viðbótarlífeyrissparnaður sem er valfrjáls sparnaður og laus til úttektar við 60 ára aldur.
4. Annar sparnaður og eignir. Getur verið reglulegur sparnaður eða aðrar eignir sem hægt er að selja, t.d. ef hægt er að minnka við sig íbúðarhúsnæði.

Vægi almannatryggingakerfisins af eftirlaunum landsmanna hefur farið minnkandi á síðustu árum. Áður var hluti af ellilífeyri almannatrygginga óháður tekjum og var sama fjárhæð greidd til allra. Þetta hefur breyst og ef aðrar tekjur (atvinnu-, lífeyrissjóðs- og fjármagnstekjur) fara yfir ákveðin mörk falla ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga alveg niður. Flestir eru sammála um að tekjutengingar eru of miklar og ósanngjarnar, sérstaklega þegar þær bitna á þeim sem hafa sýnt fyrirhyggju og sparað til eftirlaunaáranna með því að greiða í lífeyrissjóð. Vandamálið er hins vegar að sem stendur eru ekki til peningar til að greiða öllum eftirlaunaþegum hærri lífeyri úr almannatryggingakerfinu. Þess vegna hefur sú leið verið farin að láta kerfið tryggja að allir fái lágmarkslífeyri.

Eftirlaunagreiðslur úr lífeyrissjóði eru venjulega stærsti hluti tekna fólks á eftirlaunaárunum. Lífeyrissjóðirnir byggja á sjóðsöfnun (allir vinnandi menn á Íslandi eru skyldugir til að greiða minnst 12% af launum í lífeyrissjóð á aldrinum 16-69 ára) og er tilgangurinn að hver kynslóð byggi upp sjóði til að greiða eftirlaun. Skylduaðild að lífeyrissjóðum er nauðsynleg svo allir byggi upp réttindi til eftirlauna og til að tryggja að almannatryggingakerfið geti greitt þeim lágmarkslífeyri sem þurfa á því að halda.



Gunnar  
aldvinsson

## Lífeyrissjóðir eru nauðsynlegir

Sumir vilja halda því fram að lífeyrissjóðakerfið sé óþarft og að einstaklingar gætu haft það betra með því að leggja fyrir sjálfir og fá grunnlífeyri frá almannatryggingum. Þetta kann að hljóma vel en gengur ekki upp. Margir myndu sleppa því að

» Almannatryggingar tryggja lágmarkslífeyri, lífeyrissjóðir greiða eftirlaun til æviloka en viðbótarsparnaður er til að halda óbreyttum lífsgæðum.

spara og þar sem enginn er tilbúinn að láta nágranna sinn svelta yrði álag á almannatryggingakerfið mikið. Þessi leið gæti gengið ef það væru alltaf nógu margir skattgreiðendur til að tryggja nægjanlegar skatttekjur í samneyslu og lífeyri. Svo er ekki og þegar þjóðir eldast og eftirlaunaþegum fjölga eiga ríki erfitt með að greiða mannsæmandi eftirlaun.

Íslenska lífeyriskerfið er gott. Hlutverk lífeyrissjóðanna er að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur, greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga. Eftirlaun lífeyrissjóða eru oft nálægt 30%-50% af meðaltekjum á starfsævinni. Það dugur ekki til að halda óbreyttum ráðstöfunartekjum eftir að vinnu lýkur. Til þess þarf hver og einn að leggja fyrir aukalega með viðbótarlífeyrissparnaði og öðrum sparnaði eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Það vilja allir hafa það gott þegar þeir hætta að vinna. Við viljum líka að nágranninn hafi það gott. Þess vegna þarf gott lífeyriskerfi sem tryggir að allir hafi tekjur til æviloka. Hver og einn verður svo að bera ábyrgð á sjálfum sér með eigin sparnaði til að bæta við eftirlaunin.

Höfundur er formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

